

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 02 – 2024

Staður: Teams

Tími: þriðjudagur 27. febrúar 2024 kl. 13:00

*Fundinn sátu:* Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Ingiberg Daði Kjartansson, Þórunn Jónsdóttir, Daði Már Kristófersson, Jóhannes Sveinbjörnsson, Haukur Þórðarson. Ingvar Pétur Guðbjörnsson var forfallaður. Álfheiður Marínósdóttir kennslustjóri sat fundinn undir 1. lið.

1. **Starfsáætlun 2024-2025 – kynning, umræða og afgreiðsla.** Álfheiður Marínósdóttir kennslustjóri mætti á fundinn undir þessum lið. Hún kynnti áætlunina, áfram eru 2 stuttannir á hverju misseri, próf á milli og staðarlotur tvisvar á hverri stuttönn. Starfsáætlun var samþykkt samhljóða eftir kynningu.
2. **Jafnréttisáætlun uppfærð – kynning, umræða og afgreiðsla.** Jafnréttisnefnd hefur farið yfir jafnréttisstefnu m.t.t. þess að orðalag sé kynhlutlaust. Áætlunin samþykkt samhljóða eins og hún liggur fyrir.
3. **Starfsreglur háskólaráðs – kynning, umræða og afgreiðsla.** Lítils háttar breytingar eru lagðar til á starfsreglum háskólaráðs, þær voru samþykktar samhljóða.
4. **Vinnustund – framhald umræðu og afgreiðsla.** Fyrir lá tillaga frá fulltrúum starfsmanna í háskólaráði (JS og HP) um nýja útfærslu á könnun sem tæki sitt í hvoru lagi fyrir skráningu vinnuskila annars vegar og verkbókhald hins vegar. Sú tillaga var send háskólaráði 9.febrúar sl. eftir töluverða umræðu á starfsmannafundi og á meðal starfsmanna. Rektor lagði svo fram tillögu fyrir fund háskólaráðs nú um mögulega framkvæmd skráningar vinnuskila og verkbókhalds sem tekur á þessum atriðum sitt í hvoru lagi og verður sú tillaga kynnt og tekin til umræðu á starfsmannafundi 29. febrúar.
5. **Jarðræktarmiðstöð– staða mála.** Nýjustu upplýsingar frá háskólaráðuneytinu eru að enn strandi málið á fjármálaáætlun m.a. vegna fyrirhugaðra aðhaldskrafna. Málið er þó sagt ofarlega á forgangslista. Samþykkt að háskólaráð óski eftir fundi um málið með háskólaráðherra.
6. **Mál til upplýsingar:**
  - a. Innleiðing stefnu / fundir með starfsmönnum - næsti fundur 29. febrúar kl. 13. Á fundinum verður kynnt niðurstaða könnunar Gallup um starfsánægju/stofnun ársins. Umræða/hópavinna um innleiðingu stefnu, skipurit og fleira. Sömmuleiðis verður tillaga um skráningu vinnuskila og verkbókhalds sbr. 4. lið hér að ofan kynnt.
  - b. FÍN - staða á stofnanasamningi. Rektor sagði sína hlið á stöðu mála hvað þetta varðar og JS og HP fulltrúar starfsmanna í háskólaráði sögðu frá fundi sem þeir áttu með baklandsnefnd FÍN. Allir aðilar eru óánægðir með þá stöðu sem er varðandi stofnanasamning, umræður um endurnýjun hans hefur verið í gangi í 3 ár eða svo án þess að það hafi neinu skilað.

- c. Málþing 7. mars á Hvanneyri – Landslagið í landbúnaði og matvælaframleiðslu. Þetta hefur fengið góðan hljómgrunn og von á húsfylli á Hvanneyri. Ungir bændur og smáframleiðendur taka þátt.
- d. Fundur verður með Matís um sameiginleg verkefni 13. mars.
- e. Hestbúið 80 ára – staða undirbúnings. Dagskrá verður á Hesti fimmtudagskvöld 21. mars og í Ársal á Hvanneyri föstudaginn 22. mars
- f. Horizon umsóknir febrúar/mars 2024. Lbhí tekur þátt í sjö umsóknum alls.

Fundi slitið kl. 15.20